

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Hringhamar 31.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 15. júní 2022 var samþykkt að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í að byggingarreitur bílakjallara er stækkaður.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Áshamar 12.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 22. júní 2022 var samþykkt að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að byggingarreitur byggingar nr. 04 er fluttur til um 2,2 m til vesturs. Byggingarmagn á lóðinni er aukið um 100 m². Gert er ráð fyrir inndregnum 5. hæðum á húsum nr. 01, 02, 03 og 04.

Uppdrættir ásamt greinargerðum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Breytingarnar öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 29. júní 2022.

F. h. skipulagsfulltrúa,
Anna Margrét Tómasdóttir, verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 13. júlí 2022